

Upplýsingarit HSV

Ætlað stjórnnum aðildarfélaga HSV

11/11/2014

Upplýsingarit HSV

Efnisyfirlit

Stjórnarhandbók aðildarfélag HSV	3
Kynning á HSV og aðildarfélögum.....	3
Samstarfssamningur HSV og Ísafjarðarbæjar	4
Forvarnir.....	4
Forvarnarstefna HSV	5
Stefnuyfirlýsing ÍSÍ um forvarnir og fíkniefni.....	6
Einelti er ólíðandi.....	6
Jafnréttismál.....	7
Umhverfismál	7
Öll samskipti við Ísafjarðarbæ fara í gegnum HSV	7
Tímaúthlutanir	7
Íbúðir HSV	8
Reglur um úthlutun íbúða.....	8
Greiðslur til íþróttafélaga . lottó, getraunir og rekstrarstyrkur Ísafjarðarbæjar.....	9
Afreksmannasjóður	10
Reglugerð fyrir afreksmannasjóð Héraðssambands Vestfirðinga.	10
Styrktarsjóður þjálfara	11
Reglugerð þjálfarasjóðs HSV	11
Verkefnasamningur	12
Tryggingar	13
Reglugerð slysatrygginga ÍSÍ	13
Felix kerfið.....	15
Aðalfundur félaganna og skýrsluskil	16
Aðalfundur HSV.....	16
Æskulýðslög.....	16
Styrktarsjóðir	19

Stjórnarhandbók aðildarfélaga HSV

Rit þetta er gefið út af HSV til aðildarfélaga sinna. Ritið á að vera einskona upplýsingarit og gert með það að markmiði að hjálpa nýjum stjórnnum og nýjum formönnum að komast inn í starfið og fá fróðleik um hvernig tengsl íþróttafélags, HSV og Ísafjarðarbæjar eru. Farið er yfir helstu atriði í samningi HSV við Ísafjarðarbæ og vonandi getur það hjálpað nýjum stjórnnum og nýjum formönnum að fá upplýsingar um hvernig hin helstu mál eiga að vinnast eða eru afgreidd frá HSV s.s. tímaúthlutanir í íþróttahúsum, lottó og rekstrarstyrkur, þjálfarastyrkssjóð, afreksmannasjóð, verkefnasamningar, forvarnarstefnur og margt fleira. Einnig er tekið á fleiri þáttum sem gætu komið inn á borð stjórnar aðildarfélaga HSV.

Kynning á HSV og aðildarfélögum

Héraðaðssamband Vestfirðinga var stofnað 30.apríl árið 2000 og varð til við sameiningu íþróttabandalags Ísafjarðar og Héraðssambands Vestur-Ísfirðinga. Fyrsti formaður sambandsins var Kristinn Jón Jónsson en formenn sambandsins hafa verið fimm frá stofnun þeir Kristinn Jón Jónsson 2000-2003, Guðjón Þorsteinsson 2003-2004, Ingi Þór Ágústsson 2004-2006, Jón Páll Hreinsson 2006-2014 og romaður síðan í júní 2014 er Guðný Stefanía Stefánsdóttir. HSV heldur úti skrifstofu með starfsmanni og er skrifstofan staðsett í Vestrahúsinu, suðurgötu 12 á Ísafirði. Aðildarfélög HSV eru hvött til að notfæra sér þá þjónustu sem starfsmaður HSV er og ekki hika við að hafa samband hversu stór eða smá verkefni eru, sem dæmi aðstoð við styrkumsóknir í sjóði, skila inn felix skýrslu, öll samskipti við Ísafjarðarbæ, samskipti við sérsamband, samskipti og/eða upplýsingagjöf varðandi ÍSÍ og UMFÍ, aðstoð við að breyta eða lagfæra lög félagsins, aðstoð við að búa til forvarnarstefnu, í raun eru verkefni óteljandi. Eins hefur framkvæmdarstjóri félagsins tekið þátt í stærri verkefnum fyrir félög sem dæmi aðstoð við skráningu iðkenda í körfuboltaþúðir KFÍ og verið leyfisfulltrúi BÍ við innleiðingu leyfiskerfis KSÍ. Óskir um stór viðamikil verkefni fara fyrst fyrir stjórn HSV. HSV heldur einnig úti heimasíðu þar sem allar helstu upplýsinga um HSV er að finna, www.hsv.is. Skráð aðildarfélög að sambandinu eru 23 en virk félög eru 18 talsins þegar þessi bæklingur er gefinn út árið 2011. Eftirfarandi aðildarfélög eru virk innan HSV árið 2014.

- Blakfélagið Skellur
- Boltafélag Ísafjarðar
- Golfklúbbur Ísafjarðar
- Golfklúbburinn Gláma
- Hestamannafélagið Hending
- Hestamannafélagið Stormur
- Íþróttafélagið Grettir

- Íþróttafélagið Höfrungur
- Íþróttafélagið Ívar
- Íþróttfélagið Stefnir
- Knattspyrnufélagið Hörður
- Kraftlyftingafélagið Víkingur
- Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar
- Skíðafélag Ísfirðinga
- Skotíþróttafélag Ísafjarðar
- Sundfélagið Vestri
- Sæfari Siglingafélag
- Tennis-og badmintonfélag Ísafjarðar
- Ungmennafélagið Geisli

Samstarfssamningur HSV og Ísafjarðarbæjar

Árið 2007 var í fyrsta skiptið gerður stór samstarfssamningur milli HSV og Ísafjarðarbæjar. Hlutverk samningsins var margþætt meðal annars að efla samstarf innan íþróttahreyfingarinnar og milli bæjaryfirvalda Ísafjarðarbæjar og HSV auk þess að tryggja jafnframt öflugt og gott íþrótt- og tólmstundastarf fyrir börn og unglunga í Ísafjarðarbæ. Helsti ávinningurinn með samningnum er að minnka flækjustig milli Ísafjarðarbæjar og íþróttahreyfingarinnar og koma samskiptum milli þessara aðila á einn stað. Öll samskipti og samningar milli íþróttahreyfingarinnar og Ísafjarðarbæjar eiga að fara í gegn um HSV. Með samningnum eru styrkir og verkefni komin inn til HSV sem getur í samstarfi við íþróttafélögin dreift þeim með úthlutunarreglum sem íþróttahreyfingin setur sér og hvernig hún telur réttast að dreifa þeim. Með samningnum tók HSV einnig að sér verkefni fyrir bæjaryfirvöld t.d. að sjá um sjóði s.s. afreksmannasjóð og verkefnasjóð sem nú hefur breyst í styrktarsjóð fyrir þjálfara. HSV sér um að úthluta tímum í íþróttamannvirki Ísafjarðarbæjar til íþróttafélaga og sér um úthlutun íbúða sem íþróttafélögin hafa aðgang að.

HSV hefur síðan 2011 séð um frístundaskóla fyrir börn í 1.-4. bekk þar sem boðið er upp á fjölbreytt starf í samvinnu við aðildarfélögin.

Hér á eftir verður stiklað á helstu atriðum í samningnum en hann má finna á heimasíðu HSV. Samningurinn er mjög viðamikill og miklar kröfur eru gerðar til íþróttahreyfingarinnar. Heimasíða HSV er www.hsv.is.

Forvarnir

Mikil áhersla er lögð á það að íþróttafélög innan HSV setji sér virka forvarnarstefnu sem unnið er eftir dag frá degi innan félagsins. Mikil áhersla er á forvarnarmál hjá

sveitarfélaginu og innan stjórnar HSV og eru ákvæði í samningi við Ísafjarðarbæ um mögulega frestun eða hreinlega synjun á rekstrarstyrk frá Ísafjarðarbæ ef félag sinnir í engu forvarnarstarfi. Forvarnarstefna HSV má sjá hér neðar.

Forvarnarstefna HSV

Mikilvægt er að Héraðssamband Vestfirðinga stuðli að því að forvarnarstefna sé til og virk innan íþróttafélaga sambandsins. Neysla vímuefna og íþróttir fara ekki saman og hefur skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Sýnt hefur verið fram á það í rannsóknum á börnum og unglingum að þeim ungmennum sem eru virk í íþróttastarfi reiði betur af í daglegu lífi, standi sig betur í námi og neyta síður vímuefna.

Héraðssambandið leitast eftir að hafa skýra afstöðu gegn neyslu vímuefna í tengslum við íþróttir og starf íþróttafélaganna. Héraðssambandið hvetur íþróttafélög innan sambandsins að taka upp forvarnarstefnu gegn neyslu vímuefna. Þegar átt er við vímuefni er átt við neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna sem og neyslu hormónalyfja sem ekki eru tekin í lækningalegum tilgangi eftir tilvísun læknis.

Til að ná árangri í framkvæmd á þessu hefur Héraðssambandið sett sér markmið.

Markmið:

Hvert og eitt félag skilgreini sitt fræðslu og forvarnastarf. Félögin eru sjálf ábyrg fyrir framkvæmd stefnunnar. Mikilvægt er að íþróttahreyfingin sé trúverðug í fræðslu- og forvarnarstarfi. Áfengis- og eða tóbaksneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf, s.s.:

- Áfengissala í tengslum við íþróttakeppni.
- Áfengisneysla í lokahófum þar sem börn og unglingar eru á.
- Reykingar og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum.
- Áfengisauglýsingar á eða við velli.

Íþróttafélög þurfa að skapa aðstæður svo öll börn og unglingar geti stundað íþróttir. Íþróttafélög setji sér reglur og/eða marki sér stefnu í forvarnarmálum samkvæmt stefnu ÍSí. Félög og deildir fræði börn og unglinga um skaðsemi vímuefna auk þess sem þau fræði sína ungu iðkendur um lyfjamál og bendi þeim á þær hættur sem geta fylgt lyfjanotkun.

Stefnuyfirlýsing ÍSÍ um forvarnir og fíkniefni

Neysla áfengis, tóbaks eða fíkniefna á aldrei samleið með iðkun íþrótta og vill íþróttahreyfingin á Íslandi efla forvarnahlutverk sitt á eftirfarandi hátt:

Setja fram markvissa stefnu

- Hvetja íþrótta- og ungmennafélög til þess að festa í lög sín ákvæði þar sem tekin er einörð afstaða gegn neyslu á áfengi og fíkniefnum.
- Móta sameiginlegar starfsreglur um hvernig tekið skuli á fíkniefnavanda ungs fólks á vettvangi íþróttahreyfingarinnar og hvernig unnið skuli að forvörnum og gera öll íþróttamannvirki algerlega reyklaus.

Stuðla að aukinni og almennari þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi

- Hvetja íþrótta- og ungmennafélög til þess að vinna markvisst að því að fjölga iðkendum íþrótta meðal barna og unglinga, m.a. með því að auka fjölbreytni í iðkuninni og tryggja þannig að öll börn og unglingar fái tækifæri til að stunda íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga.
- Nýta mannvirki og aðstöðu íþróttahreyfingarinnar til að festa íþróttastarf í sessi sem raunhæfan valkost til skemmtunar fyrir unglinga, t.d. með því að bjóða upp á iðkun óhefðbundinna greina.
- Halda opin hús í íþróttamannvirkjum, eða efna til annars konar íþróttastarfs fyrir þessa aldurshópa þar sem meiri áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir þeirra fyrir afþreyingu og skemmtun, en keppni og afrek.

Auka þekkingu á skaðsemi fíkniefna og forvörnum innan hreyfingarinnar

- Gefa út fræðsluefni um fíkniefni og forvarnir fyrir þjálfara og iðkendur og gera fræðslu um þessi málefni að föstum þætti í fræðslustarfi íþróttahreyfingarinnar og í íþróttanámi í framhaldsskólum
- Fela þjálfurum að fræða þá iðkendur sem þeir þjálfar um áhrif áfengis, tóbaks og fíkniefna á heilbrigði þeirra og árangur í íþróttum
- Hvetja sambandsaðila íþróttahreyfingarinnar til þess að fjalla um fíkniefni og forvarnir í málsgögnum sínum og ritum.

Einelti er ólíðandi

Samkvæmt samningi við Ísafjarðarbæ 2011 var ákveðið að HSV skyldi setja sér eineltisáætlun sem unnið skal eftir innan félögum HSV. Vinna við eineltisáætlun er í vinnslu og verður lokið við hana fyrir árslok 2011.

Jafnréttismál

Íþróttahreyfingin skal gera báðum kynjum jafn hátt undir höfði í öllum störfum sínum. Stefna HSV í jafnréttismálum er að félagsmönnum sé ekki mismunað eftir aldri, kyni eða kynþætti. Bæði kyn séu hvött til áframhaldandi íþróttaiðkunar. Í stjórnnum HSV og félögum þess skal reynt að fá einstaklinga af báðum kynjum.

Umhverfismál

HSV hvetur félagsmenn sína til að ganga vel um náttúruna. Jafnframt hvetur HSV aðildarfélög sín til að setja sér stefnu í umhverfismálum, einkum verði þar lögð áhersla á að kynna hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og innræta almenna virðingu í umgengni við náttúruna í öllu starfi félaganna, en einkum í barna- og ungmennastarfi.

Öll samskipti við Ísafjarðarbæ fara í gegnum HSV

HSV skal afla sér umboð aðildarfélaganna til þess að fara með samskipti milli félaganna og Ísafjarðarbæjar, enda er það stefna Ísafjarðarbæjar að samskipti við íþróttafélögin fari í gegnum HSV. Stjórn HSV sinnir erindum aðildarfélaganna, sem annars bærust Ísafjarðarbæ, í fullri samvinnu við viðkomandi aðildarfélag og fylgir afgreiðslu þeirra eftir.

Öll erindi frá félögum innan HSV til bæjaryfirvalda skulu send bréflega til stjórnar HSV, sem afgreiðir eða sendir til Ísafjarðarbæjar til afgreiðslu. Ísafjarðarbær skal jafnframt kappkosta að svara öllum innkomnum erindum bréflega eins fljótt og kostur er. Að sama skapi skulu erindi frá Ísafjarðarbæ til einstakra íþróttafélaga berast HSV, sem vinnur þau með viðkomandi íþróttafélögum.

Stjórn HSV hefur yfirumsjón og eftirlit með því að aðildarfélög vinni af fagmennsku og samkvæmt stefnumörkun sem sambandið setur í samráði við Ísafjarðarbæ. Félagin vinni samkvæmt stefnumörkun sveitarfélagsins eins og við á. HSV skal hafa umsjón með að upplýsa og fræða formenn félaga um þær stefnur sem í gildi eru í sveitarfélaginu.

Tímaúthlutanir

HSV fær úthlutað frá Ísafjarðarbæ ákveðnum fjölda tíma í íþróttahúsum Ísafjarðarbæjar. Úthlutanir eru aðallega tvisvar á ári, vetrarúthlutun fyrir tímabilið september til maí, og sumarúthlutun fyrir tímabilið júní til ágúst. Til að koma til greina varðandi úthlutun tíma og húsaleigustyrkja verður viðkomandi íþróttafélag að senda HSV umsókn. Umsóknir um úthlutanir berist vor og haust. Framkvæmdarstjóri HSV auglýsir frekari tímasetningu fyrir umsóknir. Félagin skulu skila inn til HSV stundatöflu yfir æfingar með sundurliðun yfir deildir og aldursflokka. Stundatöflu skal fylgja skrá yfir kennara og/eða þjálfara

Upplýsingarit HSV

hvers flokks ásamt iðkendum. Ekki er heimilt að æfing í barna- og unglingsflokkum fari fram, nema þjálfari 18 ára eða eldri sé til staðar, samanber reglur um íþróttamannvirki.

Styrkveiting á tímum í íþróttamannvirkjum nær til félags, sem er fullgildur aðili að HSV. Styrkurinn nær til íþróttæfinga barna og unglings skv. skilgreiningu ÍSÍ, auk meistaraflokka karla og kvenna í hóp- og einstaklingsíþróttum sem taka þátt í Íslandsmóti. Miðað er við að greiða að fullu kostnað fyrir æfingaaðstöðu þeirra félaga sem reka barna- og unglingsstarf innan þess ramma er úthlutun nær til hverju sinni. Þetta á við þau mannvirki og tækjabúnað sem Ísafjarðarbær á. Þau félög sem ekki hafa barna- og unglingsstarf eða eru ekki fullgildir aðilar HSV, skulu sækja sérstaklega um og skal meta styrkhæfni þeirra hverju sinni.

Íbúðir HSV

HSV hefur til umræða fjórar íbúðir frá Fasteignum Ísafjarðarbæjar ehf sem sambandið hefur látið íþróttafélögunum í té vegna þjálfara og leikmanna félagana. Ákveðnar reglur gilda um úthlutun þessara íbúða og eru þær hér fyrir neðan.

Reglur um úthlutun íbúða

Almennar reglur.

Samningar við aðildarfélögin eru gerðir í maí og september ár hvert og skulu óskir um íbúðir vera sendar inn fyrir 1.apríl og 1.ágúst. Í umsókninni skal koma fram hversu margar íbúðir félagið óskar eftir, fyrir hvern íbúðin er ætluð þ.e. þjálfara/leikmenn eða hvortveggja og til hvers langs tíma félagið óskar eftir íbúðinni. Ekki er gerður samningur nema að hámarki eitt ár í senn nema í undantekningartilfellum. Hvert félag getur ekki verið með nema eina íbúð í leigu í einu í hámarksleigutíma. Ef svo ber undir gætu félög þurft að samnýta íbúð. Leiguíbúðir HSV eru ekki lausn á framtíðarhúsnæði íþróttafélaga og ber að líta á þær sem skammtímalausn fyrir þjálfara og leikmenn. Félag með íbúð í leigu ber fulla ábyrgð á skemmdum í íbúðinni. Horft verður til menntun þjálfara s.s. íþróttufræðingur, íþróttakennari og/eða með þjálfaramenntun.

Forgangsreglur

1. Fyrsti forgangsflokkur: Þjálfarar á barna og unglingsstigi.
 - a. Forgangur á þjálfurum á barna og unglingsstigi.
 - i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
 - ii. Nýting á þjálfara gefur forgang í íbúðina þ.e.a.s. er hann nýttur fyrir marga flokka og/eða árganga og fjölda iðkenda.

Upplýsingarit HSV

- iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.
- iv. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.
2. Annar forgangsflokkur: Aðrir þjálfarar.
 - a. Forgangur á aðra þjálfara.
 - i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
 - ii. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.
3. Þriðji forgangsflokkur: Leikmenn.
 - a. Forgangur vegna leikmanna.
 - i. Taka skal mið af keppnistímabili leikmanna.
 - ii. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu hefur það forgang.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.

Taka skal allar umsóknir fyrir á stjórnarfundum HSV og mun stjórnin taka ákvarðarnir um leiguíbúðir samkvæmt þessum reglum.

Greiðslur til íþróttafélaga – lottó, getraunir og rekstrarstyrkur Ísafjarðarbæjar

HSV heldur utan um og tekur við rekstrarstyrk frá Ísafjarðarbæ ásamt greiðslum frá lottó og íslenskum getraunum. Félögin fá greiðslur til sín að vori hvers árs eftir að félagið hefur skilað inn ársskýrslu, ásamt reikningum til HSV, skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár og felix skýrslu til ÍSÍ. Nauðsynlegt er að vel sé unnið að gerð þessara skýrslna þar sem sýnt er fram á að vel sé unnið innan félagsins og starfsemi félagsins sé til sóma. Það er ábyrgðahluti að taka við opinberu fé og þurfum við að sýna fram á okkar góða starf með þessum skýrslum. Ef félagið hefur ekki skilað inn ársreikningum í tvö ár hefur stjórn HSV heimild til að taka viðkomandi félag af úthlutunarlista. Ákveðnar reglur gilda um skiptingu þessa fjármagns og er þar miðað við tölur út felix kerfi um iðkendur og félaga.

Styrkir skulu skipast á milli aðildarfélaga skv. eftirfarandi reiknireglu:

1. 70 % miðast við fjölda iðkenda, yngir en 16 ára
2. 20 % miðast við fjölda iðkenda 16 ára og eldri
3. 5 % miðast við skráða félaga
4. 5 % er skipt jafnt á félög

Afreksmannasjóður

Afreksmannasjóður HSV hefur verið til síðan HSV tók að sér að úthluta styrk til afreksíþróttamanna fyrir Ísafjarðarbæ. HSV setti fjórar milljónir inn í sjóðinn sem höfuðstól og hefur hann náð að stækka örlítið ár frá ári. Reglur sjóðsins eru að finna hér fyrir neðan og þar er meðal annars hægt að sjá tekjur sjóðsins, úthlutunarreglur, tímasetningar styrkveitingar.

Reglugerð fyrir afreksmannasjóð Héraðssambands Vestfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður Héraðssambands Vestfirðinga, varnarþing hans skal vera starfssvæði HSV.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá einstaklinga eða hópa innan HSV sem náð hafa umtalsverðum árangri í íþrótt sinni.

3. gr.

Eingöngu félagar og keppnishópar innan HSV, sem stunda íþróttir sem viðurkenndar eru af Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí), geta sótt um styrk úr sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur stjórnarmönnum auk tveggja varamanna. Í stjórn sjóðsins skal skipa á héraðsþingi ár hvert. Eigi má velja einstaklinga, til stjórnarsetu í sjóðnum, er gegna stjórnarsetu í aðildarfélagi innan HSV. Varsla sjóðsins skal vera í höndum Sparisjóðs Vestfirðinga.

5. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:
10% af óskiptum lottótekjum.
Styrkir og gjafir til sjóðsins.
Árlegt framlag Ísafjarðarbæjar.
Árlegt framlag fyrirtækja.
Vaxtatekjur.

6. gr.

Framlög er sjóðnum berast og óskað er eftir að gangi til ákveðins íþróttamanns/manna skulu ganga þannig til viðkomandi aðila beint.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur veitt styrk ef viðkomandi uppfyllir eitthvert eftirtalinna skilyrða: Ef hann keppir á eða hefur möguleika á þátttöku á Ólympíu-, Heims-, Evrópu- eða Norðurlandameistaramótum. Ef hann er valinn í landslið eða úrtök fyrir landslið. Ef hann er framarlega í íþróttagrein sinni á landsvísu eða hefur sýnt mjög góðan árangur og er líklegur til að komast í hóp bestu íþróttamanna landsins í íþróttagrein sinni. Skal þá miðað við styrkleikaflokkun sérsambanda (sé hún til). Lið eða hópur geta fengið úthlutað ef þau eru framarlega í íþróttagrein sinni á landsvísu eða hafa sýnt mjög góðan árangur og eru líkleg til að komast í hóp bestu liða/hópa landsins í íþróttagrein sinni. Skal þá miðað við styrkleikaflokkun sérsambanda (sé hún til).

8. gr.

Styrkurinn miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni og tilkostnað vegna þátttöku.

Upplýsingarit HSV

Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram 3 á ári og skulu úthlutanir auglýstar í febrúar, júní og október ár hvert. Umsóknarfrestur skal vera minnst 10 dagar. Berist engar umsóknir, er falla undir skilgreiningu 7.gr., skal færa þá fjármuni er ætlaðir voru til úthlutunar, til næstu úthlutunar.

9. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu berast sjóðsstjórn eigi síðar en 10 dögum fyrir styrkveitingu og vera undirritaðar af umsækjanda og formanni viðkomandi deildar með greinargerð um styrkþega.

Stjórn sjóðsins getur veitt styrki til einstaklinga eða hópa þó ekki liggi fyrir skrifleg umsókn viðkomandi, telji hún það samrýmast reglum sjóðsins.

10. gr.

Héraðsþing HSV getur lagt niður sjóðinn með 2/3 greiddra atkvæða. Sé sjóðurinn lagður niður skal fjármunum sem í honum eru úthlutast til aðildarféлага HSV samkvæmt gildandi úthlutunarreglum almennra styrkja á vegum HSV.

Reglugerð þessi var samþykkt á héraðsþingi HSV 28. apríl 2010 og öðlast þegar gildi.

Styrktarsjóður þjálfara

Með nýjum samningi við Ísafjarðarbæ árið 2011 kom inn nýr styrktarsjóður ætlaður þjálfurum í Ísafjarðarbæ. Sjóðnum er ætlað að auka hæfni þjálfara í Ísafjarðarbæ sem verður til þess að efla íþróttastarf og lýðheilsu í sveitarfélaginu. Reglur sjóðsins eru hér fyrir neðan og gefa þær frekari upplýsingar um sjóðinn.

Reglugerð þjálfarasjóðs HSV

1. Grein

Þjálfarasjóður Héraðssambands Vestfirðinga er sjóður til styrktar menntunar þjálfara innan íþróttafélaga HSV. Styrkveitingum er ætlað að auka þekkingu og færni þjálfara og með því móti auka gæði þjálfunar og efla íþróttastarf í sveitarfélaginu.

2. Grein

Framlög til sjóðsins eru samkvæmt 9.grein samstarfssamnings HSV og Ísafjarðarbæjar frá árinu 2011. Sjóðsstjórn er heimilt að leita eftir viðbótarfjármagni frá öðrum aðilum.

3. Grein

Umsækjendur skulu vera þjálfarar og/eða leiðbeinendur innan aðildarfélags HSV. Sjóðsstjórn er heimilt að úthluta styrkjum til aðila utan vébanda HSV, enda muni viðkomandi verkefni verða íþróttalífi og félögum í Ísafjarðarbæ til hagsbóta.

4. Grein

Stjórn sjóðsins skal skipa þremur stjórnarmönnum auk tveggja varamanna. Stjórn sjóðsins skal kosin á ársþingi HSV. Eigi má velja einstaklinga, til stjórnarsetu í sjóðnum,

Upplýsingarit HSV

er gegna stjórnarsetu í aðildarfélagi innan HSV.
Hlutverk stjórnar er að úthluta fé úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.
Starfsmaður sjóðsstjórnar skal vera framkvæmdarstjóri HSV.
Styrkveitingar, sem sjóðstjórn ákveður, skulu bornar undir stjórn HSV til staðfestingar.

5. Grein

Í umsóknum skal tilgreina:

Heiti umsækjanda.

Tengsl umsækjanda við félag, deild eða starfsemi innan Ísafjarðarbæjar-HSV

Lýsing á verkefninu með tímaáætlun og markmiðum.

Fjárhagsáætlun fyrir verkið

Sundurliðuð áætlun, tekjur og gjöld.

Upphæð sem sótt er um.

Annað er þurfa þykir.

6. Grein

Sjóðstjórn skal auglýsa styrki tvisvar sinnum á ári mars og október.

7. Grein

Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar. Verði umsókn samþykkt til styrkveitingar skal sjóðsstjórnin ákveða hversu háan styrk viðkomandi verkefni hlýtur. Umsækjanda skal sent rökstutt svar við umsókninni.

Greiðsla styrks fer fram í verklok gegn afhendingu skýrslu frá styrkþega um verkefnið.

Stjórn verkefnasjóðs er heimilt að afturkalla styrk ef skýrsla berst ekki innan eins mánaðar eftir verklok. Styrkþegi getur sótt skriflega um frest til verkefnastjórnar innan eins mánaðar frá verklokum.

8. grein

Reglugerð þessi tekur gildi þegar Formannafundur HSV hefur staðfest hana og gildir þar til ársþing HSV ákveður annað.

Verkefnasamningur

Árið 2009 var ákveðið að draga saman fjölmörg verkefni sem Ísafjarðarbær hafði látið íþróttafélög vinna fyrir sig inn í einn samning og myndi HSV hafa umsjón með verkefninu, semja við Ísafjarðarbæ og útdeila svo verkefnum milli aðildarfélaga sinna. Með þessu móti næst meiri yfirsýn yfir verkefni sem íþróttafélögin vinna fyrir bæinn og að algjört gegnsæi kemst á. Með samningi þessum felur Ísafjarðarbær HSV að taka að sér skilgreind verkefni á vegum bæjarfélagsins til að renna enn styrkari stoðum undir íþrótt- og æskulýðsstarfsemi á þeirra vegum. Ýmis verkefni hafa verið inni í samningnum og vonandi er hægt að fá frekari verkefni inn í samninginn.

Stjórn HSV hefur þau ár sem samningurinn hefur verið í gildi skipt verkefnum milli nokkura aðildarfélaga sinna og hefur ávalt verið haft til hliðsjónar hversu mikil starfsemi

er í barna og unglíngastarfi féláganna. Samningarnir eru gerðir til eins árs í einu. Dæmi um verkefni sem unnin eru í samningnum eru umsjón með golfvöllum, umsjón með knattspyrnusvæði, vinna við 17.júní, fjörubríf, áramótapríf og þríf í frístundamiðstöð.

Tryggingar

HSV tryggir alla félagsmenn sína, starfsemi sambandsins og aðildarfélaganna þess í samræmi við skilmála samningsins. Um er að ræða örorku og dánartryggingu en ekki dagpeningatryggingu.

Slysatryggingar íþróttafólks ÍSí tryggir einnig okkar iðkendur en því miður hefur þessi sjóður farið hallandi undanfarin ár en vonandi á það eftir að aukast aftur. Hér fyrir neðan er hægt að sjá reglugerð sjóðsins. Eins og sjá má í reglum sjóðsins eru iðkendur yngri en 16 ára ekki tryggðir hjá íþróttafélögum nema þeir séu að keppa í efsta aldursflokki sinnar íþróttagreinar. Iðkendur yngri en 16 ára þurfa því að vera tryggðir með heimilistryggingu fjölskyldu sinnar.

Reglugerð slysatrygginga ÍSí

1. grein

Slysatrygging íþróttafólks ÍSí tekur til slysa, sem verða við íþróttaiðkanir þeirra, sem orðnir eru 16 ára og eru sannanlega félagar í viðurkenndum íþrótt- og ungmennafélögum og sem ekki njóta bóta, skv. 3. mgr. 24.gr. almannatryggingalaga. Þó eiga þeir íþróttaiðkendur rétt á bótum sem eru yngri en 16 ára og hafa keppt í efsta aldursflokki sinnar íþróttagreinar.

Þeir íþróttaiðkendur, sem hafa atvinnu af íþróttaiðkun sinni sbr. reglugerð heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis dags. 22. mars 2002, fá ekki bætur skv. reglugerð þessari, enda eru þeim tryggðar bætur hjá TR.

Þeir íþróttaiðkendur, sem eru óvinnufærir í 10 daga eða meira fá ekki bætur skv. reglugerð þessari, enda eru þeim tryggðar bætur hjá TR sbr. reglugerð heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis dags. 22. mars 2002.

2. grein

Með íþróttaiðkun er átt við keppni á vegum íþróttafélaga skv. 1. gr. svo og skipulagðar íþróttæfingar sem haldnar eru á vegum þessara aðila, undir stjórn þjálfara með það að markmiði að taka þátt í keppni. ÍSí áskilur sér rétt til að hafna erindum, vegna íþróttaslysa, sem eiga sér stað í æfingum og keppni sem eru fyrir 30 ára og eldri.

3. grein

Upplýsingarit HSV

Slys sem verða á ferðum til eða frá æfingum eða keppni falla ekki undir slysatryggingar íþróttafólks skv. reglugerð þessari. Það sama gildir um slys í búningsherbergjum og baðklefum og slys á keppnisferðalögum, innanlands sem utanlands, nema þau sem verða við æfingar eða keppni, sbr. 2. gr.

ÍSí endurgreiðir ekki kostnað vegna kaupa á lyfjum, tannviðgerðir, sjúkraflutningakostnað, stoðtæki og kostnað vegna sjúkraþjálfunarbeiðni.

4. grein

Tilkynningu um íþróttaslys skal senda skrifstofu ÍSí á eyðublaði sem liggur frammi á skrifstofu ÍSí og einnig má ná í á heimasíðu ÍSí, www.isi.is. Skal tilkynningin vera undirrituð af hinum slasaða og þjálfara hans og stimpluð af íþróttafélaginu. Einnig skal fylgja beiðni læknis um sjúkraþjálfun ef óskað er eftir endurgreiðslu vegna sjúkraþjálfunar.

5. grein

Bætur slysatrygginga ÍSí nema allt að 80% af kostnaðarhluta sjúklings vegna sjúkraþjálfunar og beinnar læknismeðferðar, skv. opinberum taxta TR. Ef hinn slasaði þarfnast meðhöndlunar hjá sjúkraþjálfara oftast en tuttuguogfimm sinnum, áskilur ÍSí sér rétt til að krefjast nýrra gagna og upplýsinga um sjúkraferlið og meta hverju sinni, hvort bætur skulu áfram greiddar.

6. grein

Ef vafi leikur á um rétt íþróttaiðkanda til bóta, skv. reglugerð þessari, hvílir sönnunarbyrðin á viðkomandi íþróttafélagi. Ef í ljós kemur að bótaréttur er misnotaður, hefur ÍSí endurkröfurétt á greiddum bótum og getur jafnframt sett viðurlög á viðkomandi aðila um niðurfellingu bóta til lengri eða skemmri tíma.

7. grein

Reglugerð þessi er sett og gildir með vísan til þess, að ríkisvaldið leggur fram styrk vegna íþróttaslysa og takmarkast greiðslugeta ÍSí af þeirri upphæð á hverju almanaksári. Ef styrktarféð er uppurið, falla allar slysabætur niður, það sem eftir er þess almanaksárs eða frestast til næsta árs skv. ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSí. Ef afgangur verður af þeirri upphæð sem ÍSí fær í styrk frá heilbrigðisráðuneytinu, sbr. samkomulag dags. 26. apríl 2002, gengur hann áfram til ráðstöfunar á næsta ári.

8. grein

Upplýsingarit HSV

Umsjón með greiðslu bóta skv. reglugerð þessari er í höndum skrifstofu ÍSÍ í umboði framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

9. grein

Hverju íþrótt- og ungmennafélagi skal gerð grein fyrir réttindum og skyldum, sbr. þessi reglugerð og er viðkomandi gert að skrifa undir og samþykkja þau skilyrði og forsendur, sem slysabæturnar eru háðar þegar sótt er um bætur skv. þessari reglugerð.

Reglugerð þessi tekur gildi frá og með 1. apríl 2002 og nær yfir þau slys, sem eiga sér stað frá þeim tíma.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ, 30. apríl 2003

Felix kerfið

Felix er miðlægt tölvukerfi ÍSÍ og Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) og heldur utan um íþróttaiðkendur á Íslandi. Kerfið var tekið í notkun árið 2004 og er hannað af hugbúnaðarfyrirtækinu Idega.

Íþróttafélög innan ÍSÍ og UMFÍ hafa beinan aðgang inn í kerfið. Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaust og nýtist til að halda utan um daglega skráningu þátttakenda í íþróttastarfinu.

Þjóðskrá kerfisins er uppfærð mánaðarlega sem auðveldar til muna allt utanumhald. Þá er hægt að halda utan um netföng einstaklinga og senda tölvupóst beint úr kerfinu.

Kerfið býður upp á öflugan aðgangsstýringu sem auðveldar félögum að stýra aðgangi að því. Þannig er t.d. hægt að gefa þjálfurum aðgang til að skrá og uppfæra sína iðkendur og allar breytingar sem verða gerast miðlægt sem tryggir að alltaf er verið að horfa á réttar upplýsingar.

Kerfið er einnig notað til að senda inn árlegar upplýsingar til ÍSÍ en félögum ber að skila fyrir **15. apríl** ár hvert inn félagatali, iðkendatali, stjórnar- og nefndarmönnum sem og lykiltölum úr ársreikningum.

Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar og á þeim byggir tölfræði íþróttahreyfingarinnar. Þá geta félög, héraðssambönd og sérsambönd sótt sína eigin tölfræði inn í kerfið sem geta m.a. nýst við stefnumótun. Framkvæmdarstjóri HSV getur aðstoðað aðildafélög við vinnu og leiðbeiningar við kerfið og einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu ÍSÍ.

Aðalfundir félaganna og skýrsluskil

Íþróttafélög skulu halda aðalfund samkvæmt lögum hvers og eins félags. Fundurinn skal löglega boðaður og haldinn í samræmi við lög félagsins. Nauðsynlegt er að stjórnir aðildarféлага HSV leggi fram skýrslu stjórnar þar sem kemur fram það góða starf sem unnið er í félaginu. Einnig er algjörlega nauðsynlegt að félögin leggi fram áritaðan ársreikning af stjórn og skoðunarmönnum félagsins. Stjórn **HSV gerir mikla kröfu á að félög leggi fram á aðalfundi áritaðan ársreikning**. Íþróttafélög taka við opinberu fé skattborgara landsins og við þurfum að sýna fram á það svart á hvítu að því sé vel varið. Fyrir 1.apríl þarf að skila inn til HSV starfsskýrslu sem skal innihalda skýrslu stjórnar og ársreikning félagsins. Í starfsskýrslu skal aðgreina meistaraflokk frá barna . og unglिंगastarfi.

Fyrir 15.apríl skal svo vera búið að skila inn felix skýrslu til ÍSÍ og ber þar að skila félagatali, iðkendatölu, stjórnar . og nefndarmönnum sem og lykiltölum úr ársreikningi félagsins.

Aðalfundur HSV

Aðalfundur HSV skal haldinn fyrir maílok ár hvert. Fundurinn er æðsta ákvörðunarstig íþróttahreyfingarinnar. Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Þingið skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara með rafrænum hætti nema óskað sé eftir því skriflega.

Æskulýðslög

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Með æskulýðsstarfi er átt við skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda. Í öllu starfi með börnum og ungmennum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Lögin miðast við æskulýðsstarf fyrir börn og ungmenni, einkum á aldrinum 6. 25 ára.

2. gr.

Lög þessi gilda um:

1. Starfsemi félaga og félagasamtaka sem sinna æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli, enda byggist félagsstarfsemin fyrst og fremst á sjálfböðastarfi

Upplýsingarit HSV

og eigin fjármögnun.

2. Æskulýðsstarf á vegum ríkis og sveitarfélaga og í skólum, að svo miklu leyti sem við á og önnur lög og aðrar reglur gilda ekki um.

3. Aðra starfsemi þar sem einkum er sinnt ófélagsbundnu æskufólki í skipulögðu æskulýðsstarfi.

3. gr.

Ríki og sveitarfélög í samstarfi við félög og félagasamtök á sviði æskulýðsmála stuðla að því að ungt fólk eigi þess kost að starfa að æskulýðsmálum við sem fjölbreyttust skilyrði. Um framlög úr ríkissjóði til starfsemi landssamtaka æskulýðsfélaga fer eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum.

Um framlög til starfsemi svæðisbundinna æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka fer eftir samþykktum í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga.

II. KAFLI

Stjórn æskulýðsmála.

4. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn æskulýðsmála samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Ráðherra skipar níu fulltrúa í Æskulýðsráð. Fimm fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu æskulýðssamtaka, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Tveir fulltrúar skulu tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar formann og varaformann Æskulýðsráðs án tilnefningar. Skipunartími ráðsins er tvö ár.

6. gr.

Hlutverk Æskulýðsráðs er:

1. Að vera stjórnvöldum til ráðgjafar í æskulýðsmálum.
 2. Að gera tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum.
 3. Að veita umsagnir um mál er varða æskulýðsstarfsemi.
 4. Að leitast við að efla æskulýðsstarfsemi félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga og stuðla að samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál.
 5. Að efna til funda og ráðstefna um æskulýðsmál.
 6. Að taka þátt í erlendu samstarfi um æskulýðsmál eftir nánari ákvörðun ráðherra.
 7. Að stuðla að þjálfun og menntun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða.
 8. Að sinna öðrum þeim verkefnum sem ráðherra kann að fela því.
- Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um starfsemi Æskulýðsráðs. Kostnaður við störf og verkefni Æskulýðsráðs skal greiddur úr ríkissjóði.

III. KAFLI

Æskulýðssjóður.

7. gr.

Alþingi veitir árlega fé í Æskulýðssjóð til eflingar æskulýðsstarfi. Sjóðnum er heimilt að taka við frjálsum framlögum.

8. gr.

Upplýsingarit HSV

Stjórn Æskulýðssjóðs skal skipuð þremur fulltrúum til tveggja ára í senn. Formaður Æskulýðsráðs er formaður sjóðsins, en ráðið tilnefnir tvo fulltrúa og jafnmarga varamenn. Ráðherra skipar varaformann Æskulýðssjóðs úr hópi aðalfulltrúa.

9. gr.

Hlutverk Æskulýðssjóðs er að styrkja eftirtalin verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka:

1. Sérstök verkefni sem unnin eru fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra.

2. Þjálfun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða.

3. Nýjungar og þróunarverkefni.

4. Samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Ráðherra úthlutar styrkjum úr Æskulýðssjóði að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um úthlutun úr Æskulýðssjóði.

IV. KAFLI

Starfsskilyrði í æskulýðsstarfi.

10. gr.

Miða skal við að þeir sem starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi séu lögráða og hafi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins.

Í skipulögðu æskulýðsstarfi og í ferðum með börnum og ungmennum er forustufólki, leiðbeinendum, sjálfboðaliðum og öðru starfsfólki óheimilt að neyta áfengis og annarra vímuefna.

Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum, sem 2. gr. tekur til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.

Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótt- og tómsundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn og ungmenni koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, og 2. gr. tekur til, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota sem 3. mgr. tekur til, að fengnu samþykki hans.

Standi ríki, sveitarfélag eða aðrir aðilar fyrir starfsemi sem fellur undir lög þessi skal þess gætt að hún uppfylli lög og reglur um aðgengi, aðstöðu, hollustuhætti og öryggisþætti.

V. KAFLI

Stuðningur sveitarfélaga við æskulýðsstarf.

11. gr.

Sveitarstjórnir setja sér reglur um á hvern hátt stuðningi við frjálst æskulýðsstarf skuli háttað. Sveitarfélög hafa starfandi æskulýðsnefndir eða sambærilegar nefndir samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð.

Upplýsingarit HSV

VI. KAFLI

Æskulýðsrannsóknir.

12. gr.

Ráðherra stuðlar að því að fram fari reglubundnar æskulýðsrannsóknir sem lagðar verði til grundvallar stefnumótun í æskulýðsmálum.

Ráðherra skipar fimm manna ráðgjafarnefnd um æskulýðsrannsóknir. Einn fulltrúi skal skipaður samkvæmt tilnefningu Æskulýðsráðs, einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu æskulýðssamtaka og einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Skipunartími nefndarinnar er þrjú ár.

VII. KAFLI

Önnur ákvæði.

13. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 24/1970, um æskulýðsmál.

Samþykkt af Alþingi í mars 2007

Styrktarsjóðir

Hér fyrir neðan má sjá helstu sjóði sem ípróttafélög geta sótt í. Hér er bæði um sértæka sjóði fyrir ákveðin verkefni eins og forvarnir, umhverfi, ferðasjóður og eins opnari sjóðir, verkefnasjóðir og fræðslusjóður. Ekki er hér tekið á einstaka sjóðum einkafyrirtækja eða almenna styrki einkafyrirtækja.

Styrktarsjóður þjálfara HSV	www.hsv.is	Mars og október
Afrekssjóður HSV	www.hsv.is	Febrúar, júní, október
Ferðasjóður ípróttafélaga	www.isi.is	Byrjun janúar
Samfélagssjóður Landvirkjunar	www.landsvirkjun.is	25.mars, 25.júlí, 25.nóvember
Íþróttasjóður	www.menntamalaraduneyti.is	Byrjun október
Æskulýðssjóður	www.menntamalaraduneyti.is	Tvisvar á ári
Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ	www.umfi.is	1. apríl og 1.október
Umhverfissjóður UMFÍ	www.umfi.is	Opið allt árið